

framburð en 'Hamraendar' sé fyrnd ritmynd skrifara sem hafa gert sér ljóst að fyrri liður nafnsins væri í rauninni eignarfall fleirtölu af 'hamar(r)'.

Í tveimur heimildum verða þó fyrir aðrar myndir bæjarnafnsins en þessar tvær.

Í bréfi skrifuðu í Hítardal 1478, sem er varðveitt í stafréttri uppskrift Jóns Magnússonar bróður Árna, eru Hamraendar í Hraunhreppi í Mýrasýslu nefndir "hamurendar" (DI VI nr. 133). Þetta er regluleg mynd með stoðhljóðinu *u*, eins og í 'Akureyri' og 'Fagurey', en hún hefur varla náð mikilli fótfestu vegna þess að stofninn 'hamur'- var ekki til í málinu.

DI IX nr. 381 er prentað eftir stafréttri uppskrift frá 1711 eftir bréfi skrifuðu í Hjarðarholti 1528. Í þeirri uppskrift eru Hamraendar í Dölum nefndir fimm sinnum alls, og í öll skiptin er fyrri liður 'hamr-', en í uppskrift sama bréfs með hendi séra Jóns Halldórssonar í Hítardal, sem lesbrigði eru tekin úr í DI, er í fyrirsögn talað um kaup á "Hamarendum" og a. m. k. einu sinni í texta bréfsins um "Hamarenda" fyrir "hamrenda". Hér hefur séra Jón (eða einhver á undan honum) búið til stofnsamsetningu úr annarhvorri framburðarmyndinni 'Hamrendar' eða 'Hamurendar'.

S. K.

## GÓÐ ER GÁTA ÞÍN

Grein þessi birtist upphaflega í fjölrítuðum bæklingi sem nefndist *Bjarnígull, sendur Bjarna Einarssyni sextugum*. Í þeim bæklingi er fátt ritað í alvöru. Greinarskömmin er birt hér aftur sökum þess að í Griplu II var vakin á henni óverðskulduð athygli, og er tækifærið notað til að bæta í hana á tveimur stöðum fáeinum orðum sem betra var að hafa en missa.

EIRÍKUR hét maður og var Þorvaldsson, kallaður hinn rauði, 'Breiðfirþscr' segir Ari fróði Þorgilsson í Íslendingabók, og af öðrum heimildum má ráða, þegar lesið er aftur fyrir varðveitta texta, að hann hafi verið ættaður frá Dröngum á Skógarströnd. Tvennt var það í eigu Eiríks rauða, sem varð þess valdandi, að hann gerðist vígamaður meiri en hann hafði burði til og varð af þeim sökum landflótta af Íslandi. Annað voru þrælur hans, sem felldu skriðu á bæ Valþjófs nokkurs á Valþjófsstöðum, 'enn Eyjolfr saurr frændi hans drap þrælana hia Skeidzbrekkum vpp fra Vatzhorni. fyrer þa sauk vo Eirekr Eyjolf saur. hann vo ok Holmgongu-Hrafn æ Leikskálum.'<sup>1</sup> Hitt voru setstokkar,

og er ekki getið í heimildum hversu góðir voru, en setstokka þessa léði Eiríkur rauði Þorgesti hinum gamla á Breiðabólstað og náði eigi aftur þegar hann heimti. 'Eirekr sotti setstokkana æ Breidabolstad. En Þorgestr for epter honum. þeir baurduzt skamt fra gardi at Draungumm. þar fellu tueir syner Þorgestz ok naukkurer menn adrer.'<sup>2</sup> Frásögn af þessu er, svo sem hún er til vor komin, upphaflega skráð í forna gerð Landnámabókar og er þaðan komin í varðveittar heimildir: Eiríks sögu rauða, Sturlubók Landnámu o. fl. En af manndrápum þessum leiddi, að Eiríkur rauði og fylgdarmenn hans urðu sekir á Þórsnesþingi; þá fór Eiríkur að leita lands, þar sem engan væri hægt að drepa. Hann fann landið og nefndi Grænland og byggði það síðan með vinum sínum, og er ekki annars getið en að hann hafi setið þar á friðstóli á bæ þeim er hann nefndi í Brattahlíð í firði einum miklum sem hann sló eign sinni á og síðar var nefndur Eiríksfjörður.

Ætla má að mannfæð hafi verið mikil á Grænlandi á fyrstu áratugum eftir landnám Eiríks rauða. Af þeim sökum er ljóst, að hann hefur orðið að leggja af þá iðju sem hann hafði áður stundað hvað kappsamlegast á Íslandi, sem var að vega menn. Engar heimildir eru skráðar um hvað hann hafi í þess stað fundið sér til dægurstyttingar. En það sem ritaðar heimildir þegja um má stundum ráða af fornminjum, og skal nú víkja að efni þessarar greinar.

Árið 1953 voru menn að róta í gömlum rústum þar sem nú heitir Narssaq við minni Eiríksfjarðar á Grænlandi. Upp úr rofinu kom spýta, ferstrend, 42.6 sm á lengd. Á öllum hliðum spýtunnar eru ristar rúnir og dularfull tákn sem líkjast rúnum. Spýta þessi er með merkustu fornminjum sem hafa fundist á Grænlandi, enda hefur hún, þótt lítil sé, orðið ýmsum fræðimönnum efni í lærðar ritsmíðar. Hér verður látið nægja að vísa til greinar Helga Guðmundssonar, 'Rúnaristan frá Narssaq', *Gripla* I, Reykjavík 1975, bls. 188–94, og geta þeir sem frekari fróðleik girnast leitað í ritum þeim mörgum og stórum fróðlegum, sem þar er vísað til.

Á einni hlið spýtupriks þess sem hér er til umræðu eru rúnir sem Erik Moltke hefur lesið og ritið bókstöfum á þessa leið:

**X a:s:a:s:a:is:asa:sat X bibrau:haitir:mar:su:is:sitr'a:blan . . .<sup>3</sup>**

<sup>1</sup> *Landnámabók*, [Finnur Jónsson], København 1900, bls. 155.11–13.

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 155.18–21.

<sup>3</sup> Þetta er tekið hér eftir nefndri grein Helga Guðmundssonar, bls. 188.

Þetta hugði Erik Moltke að ætti að rita með samræmdri stafsetningu sem hér segir: *á sæ, sæ, sæ, es ása sát; Bibrau heitir mæi sú, es sitr á Blán[um]*. Hér skal þessi túlkun ekki rædd nánar, enda mun hún gleymd innan stundar, en fróðleiksfúsum skal sem fyrr vísað til greinar Helga Guðmundssonar, og er ekki í kot vísað. Helgi sá fyrstur manna af lærdómi sínum og hugviti, að síðasta orð í ristunni er ekki *Blánum*, heldur *bláni*, sem er þágufall af orðinu *bláinn* og Helgi telur sennilegt að merki himin.

Og hér verður enn og aftur að vísa til greinar Helga. Á bls. 189 hefur hann sett í töflu á hvern hátt megi lesa úr fyrri hluta ristunnar. Ég legg til að valið sé úr þeim kostum sem þar eru taldir og lesið á þessa leið: *Á sæ sá sá es á sæ sát*. Hér er 2. og 7. orð *sæ* þf. af no. *sær*; 3. orð *sá* og fyrri hluti 8. orðs *sá* (*at*) er 3. p. et. þt. af sögninni *sjá*; 4. orð *sá* er nf. et. kk. af ábendingarfornafninu *sá*; 5. orð er að sjálfsögðu tilvísunarfornafnið *es* sem nú er borið fram er, eins og 3. p. et. nt. fh. af sögninni *vesa* sem nú heitir *vera*, nema í textum sem karlakórar syngja; 1. og 6. orð eru forsetningin *á*, og síðari hluti 8. orðs er neitunarviðskeytið *-at*. Merkingu þessa hluta ristunnar mætti orða á vorum dögum: Á sjó horfði sá sem ekki horði á sjó.<sup>4</sup> Þetta er vitanlega gáta, en ráðning hennar er falin af mikilli íþrótt í annarri gátu í síðari hluta ristunnar, sem ég legg til að sé lesinn: *Bifbró heitir mæi sú es sitr á bláni*. Um orðið *Bifbró* vísa ég enn sem fyrr til greinar Helga Guðmundssonar, bls. 191; merking þess er augljós: Eiríkur rauði hefur haft þetta orð um fyrirbæri það sem á Íslandi er nefnt *tíbrá*, en í Færeyjum *lognbrá*. Og sýnist nú þarflausa að lesa lengri þulu um spýtuprik þetta á Grænlandi; merking rúnaristu þeirrar sem hér hefur verið rædd ætti hér eftir að liggja ljós fyrir. En einnig er nú komið í ljós eftir hartnær þúsund ár, hverja dægradvöl Eiríkur hinn rauði hefur kosið sér eftir að hann kom til Grænlands, þar sem hann gat ekki lengur veitt sér þann munað að vega menn: hann hefur skemmt sér við að búa til gátur. Gátu þá sem hér var vikið að hefur hann vafalaust lagt fyrir Herjólf frá Drepstokki, föður Bjarna þess sem fyrstur sá Vínland. Herjólfur var kominn frá þeim hluta Íslands þar sem tíbrá er alþekkt náttúrufyrirbæri; þess vegna varð Eiríkur rauði að búa til nýtt orð og gera gátuna enn

<sup>4</sup> Þess skal getið hér, að Stefán Karlsson hefur komist að nákvæmlega sömu niðurstöðum og ég um það hversu beri að lesa fyrri hluta rúnaristunnar, og hafði hvorugur okkar hugboð um athuganir hins.

torráðnari með því að fela lausn hennar í annarri gátu, sem auðsjáanlega hefur orðið til þess að Herjólfur hefur í bræði sinni bitið í endann á spýttunni sem gátan var rist á, og munaði minnstu að hann æti síðasta orðið.

Ó. H.

### ‘ÞÁ ER ALLS GÆTT, ER YÐAR ER’

Í GREIN minni um Hrafnkels sögu og Stjórn<sup>1</sup> láðist mér að geta þess, að orðtakið ‘þá er alls gætt ef þín (yðar) er’ kemur einnig fyrir í Heimskringlu (Hákonar sögu herðibreiðs, 9. kapítula). Fyrir orrustuna við Elfi eru fluttar merkilegar ræður, sem sýna glögglega afstöðu leiðtoga í hvorutveggja liði. Sá merkismaður og traustur vinur Inga konungs, Grégóriús Dagsson, hefur tölu sína með svofelldum orðum: ‘Vér höfum mikit lið ok frítt. Nú er þat mitt ráð, at þér, konungr, verið eigi í atlogunni, því at þá er alls gætt, er yðar er, ok eigi veit hvar óskytja or geigar. . . .’<sup>2</sup> Hér er því beitt svipuðu orðalagi og í Stjórn og Hrafnkels sögu: þegar til átaka kemur, skiptir það mestu máli að lífi foringjans sé borgið.

H. P.

<sup>1</sup> *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni* (1977), ritstjórar Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson, 340–41.

<sup>2</sup> *Íslenzk fornrit XXVIII* (1951), útg. Bjarni Aðalbarnarson, 355.

*University of Edinburgh*

### VIÐBÓT VIÐ ÍGRILLINGAR

ÞEGAR greinin Ígrillingar var tekin saman láðist mér að minnast þess að orðskviðurinn ‘margur er að orði ei er á borði’, sem Magnús prúði eignar ‘Daða’ (Gripla II 45), kemur fram í lítið eitt yngri heimild, Biskupaannálum Jóns Egilssonar (Safn til sögu Íslands I 90–91). Þar segir svo, að daginn sem Jón biskup Arason bannfærði Daða Guðmundsson að Hólum (það var 2an jan. 1549, Dipl. Isl. XI nr. 590) sat Daði heima í Snóksdal og fékk þá svo harðan hiksta að ‘hann hugsaði að öndina mundi slíta af sér’; þá mælti hann: ‘nú er eg þar að orði sem eg er ekki að borði’. Saga þessi komst fyrst á prent 1825 í Árbókum Espólíns (IV 41–2). Um þá trú að menn fái hiksta ef verið er að tala um þá annarsstaðar má vitna í Jón Árnason, *Íslenzkar Þjóðsögur og Ævintýri II*, 1954, bls. 534, og V. 1958, bls. 483.

J. H.